

11. gr.

Brot gegn reglum þessum varða sektum nema þyngri hegning liggi við lögum samkvæmt.

Með mál út af brotum á reglum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglur þessar eru settar samkvæmt 3. mgr. 49. gr. laga nr. 46 18. maí 1980 og staðfestast hér með til að öðlast gildi 1. október 1983.

Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 121/1967 um réttindi til vinnu og meðferðar á vinnuvélum svo og reglugerð nr. 439/1978 um breyting á þeirri reglugerð.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði reglna þessara um náms- og þjálfunarkröfur stjórnenda malbikunarvéla taka gildi frá og með 1. maí 1984. Fyrir þann tíma skal Vinnueftirlit ríkisins standa fyrir sérstöku námskeiði fyrir þá stjórnendur malbikunarvéla, er reynslu hafa af stjórnun þeirra og gefa út skírteini um réttindi að því loknu. Ákvæði 3. gr. um framhaldsnámskeið öðlast þá fyrst gildi er stjórn Vinnueftirlits ríkisins hefur samþykkt námsskrá þar um og birt auglýsingu hér að lútandi.

Félagsmálaráðuneytið, 7. apríl 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón S. Ólafsson.

REGLUGERÐ**um starfsréttindi og starfssvið lyfjatækna.****Starfsréttindi.**

1. gr.

Rétt til að kalla sig lyfjatækni og starfa sem slíkur hér á landi hefur sá einn, sem hlotið hefur til þess löggildingu heilbrigðisráðherra.

2. gr.

Rétt til þess að öðlast starfsleyfi, sbr. 1. gr., hefur sá einn, sem lokið hefur prófi við Lyfjatækniskóla Íslands eða hliðstæðu prófi, sem metið er gilt að dómi skólastjórnar Lyfjatæknaskóla Íslands.

Starfssvið.

3. gr.

Starfssvið lyfjatækna eru störf við lyfjaafgreiðslu og lyfjagerð undir handleiðslu og á ábyrgð lyfjafræðings.

Heimilt er að veita lyfjatækni takmarkaðan og staðbundinn afgreiðslurétt úr lyfjaförða, sbr. 24. gr. laga um lyfjadreifingu nr. 76/1982.

4. gr.

Óheimilt er að ráða til lyfjatækni starfa aðra en þá, sem heilbrigðismálaráðherra hefur veitt starfsréttindi hér á landi, sbr. ákvæði laga nr. 64/1971 um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir.

5. gr.

Um viðurlög við brotum í starfi lyfjatækna gilda ákvæði laga nr. 64/1971 um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir svo og laga um lyfjadreifingu nr. 76/1982 eftir því sem við á.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimildum í 15. gr. laga um lyfjadreifingu nr. 76/1982 og lögum um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir nr. 64/1971, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. apríl 1983.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ingolf J. Petersen.

REGLUGERÐ

um starfsemi lyfjabúðar Háskóla Íslands.

1. gr.

Lyfjabúð Háskóla Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu Háskóla Íslands, er tók við rekstri Reykjavíkur Apóteks 1. september 1982.

2. gr.

Hlutverk stofnunarinnar er að reka lyfjabúð til kennslu og rannsókna í lyfjafræði lyfsala, framleiðsla lyfja og stuðla að framförum í lyfjafræði (pharmaciae) og lyfjagerð.

Stofnunin skal árlega verja eigi lægri fjárhæð, en næmi samanlögðum tekju- og eignaskatti, auk aðstöðugjalds, til þess að hún verði færari um að gegna hlutverki sínu skv. 1. mgr. eftir nánari ákvörðun stjórnar stofnunarinnar sbr. 3. gr.

Um lyfjabúð Háskóla Íslands fer að öðru leyti á sama hátt og um aðrar lyfjabúðir, hvað varðar búnað og rekstur sem og aðrar kröfur sem í gildi eru eða settar kunna að verða.

3. gr.

Í stjórn stofnunarinnar sitja fimm menn, prófessor í lyfjafræði lyfsala, lyfjafræðingur úr hópi starfsfólks og tveir menn kosnir af háskólaráði til 2 ára í senn, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra tilnefni fimmta manninn og skal hann vera lyfjafræðingur.

Forstöðumaður lyfjabúðarinnar eða staðgengill hans, situr stjórnarfundi og hefur tillögurétt á stjórnarfundum en ekki atkvæðisrétt.

Stjórnin skiptir með sér verkum. Háskólaráð kys tvo endurskoðendur til 2 ára.

Stjórnin ræður starfslið, tekur ákvarðanir um rekstur lyfjabúðarinnar og setur fyrirtækinu starfsreglur, sem háskólaráð staðfestir.

Heimilt er stjórninni með samþykkt háskólaráðs að ráðstafa hluta af arði til fjárframlaga í verðlaunasjóð Alfred Benzon, sbr. staðfesta stofnskrá.